

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 17. janúar 1985 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Reyðarfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur sá aðalskipulagsuppdráttur fyrir Reyðarfjörð sem staðfestur var af ráðuneytinu 4. ágúst 1983.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna greiðslna sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp.

1. gr.

Sjúkrasamlög skulu greiða heilsugæslustöðvum fyrir rannsóknir og slysamóttöku, sem hér segir:

- a) Fyrir hverja röntgenrannsókn gjald, sem er 15% af A-lið röntgentaxta sjúkrahúsa.
- b) Fyrir hverja slysamóttöku gjald, sem er 30% af B-lið slystaxta sjúkrahúsa.
- c) Fyrir hverja blóðmeina- og meinafarnannsókn gjald, sem er 60% af sérfræðigjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur fyrir utansjúkrahússjúklinga, enda sé rannsókn framkvæmd af þar til hæfu starfsfólki öðru en ríkisstarfsmönnum.

Á reikningi skal tekið fram nafn og samlagsnúmer sjúklings, hvaða dag verkið var unnið, hver vann það og hvert það var.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. a) og b) tekur þeim breytingum, sem verða á tilvitnuðum textum, samkvæmt ákvörðun daggjaldanefndar. Gjald skv. 1. gr. c) tekur breytingum í samræmi við sérfræðingagjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, öðlast gildi 1. mars 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 16. janúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um mönnunarnefnd.

1. gr.

Nefndin heitir Mönnunarnefnd og heyrir stjórnarfarslega beint undir samgönguráðherra.

2. gr.

Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Aðrir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

A. Vegna fiskiskipa og annarra skipa.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefnir 2 menn til að fjalla um fjölda vélstjóra og 2 menn til að fjalla um fjölda skipstjórnarmanna. Auk þess tilnefnir F. F. S. Í. 1 manntímabundið sem komi frá félagi sem málið varðar hverju sinni.

Samtök útvegsmanna tilnefna 3 menn í nefndina.

B. Um mönnun flutningaskipa, farþegaskipa, varðskipa.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefnir 3 menn til að fjalla um fjölda vélstjóra og 3 menn til að fjalla um fjölda skipstjórnarmanna.

Samtök útgerða tilnefna 3 menn til að fjalla um fjölda vélstjóra og skipstjórnarmanna.

Með sama hætti skulu tilnefndir varamenn í mönnunarnefnd.

3. gr.

Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

4. gr.

Samtök útvegsmanna, útgerð kaupskipa, varðskipa og annarra skipa eða stéttarfélag geta lagt fyrir nefndina til úrskurðar beiðni um breytingu á mönnun skips frá ákvæðum laganna.

5. gr.

Til að fjalla um ákveðin mál kveður formaður til fulltrúa þeirra samtaka yfirmanna sem málið varðar, ásamt jafn mörgum fulltrúum samtaka útgerða eða útvegsmanna. Tilkvaddir nefndarmenn hafa hver eitt atkvæði. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Ekki skulu